

17. Fundur Samfélagsnefndar. Haldin í fjarfundarbúnaði þann 17.10.2019 klukkan 9:00.

Mætt voru: Arna Björg Bjarnadóttir, Þórhallur Jóhannsson, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir nýskipaður verkefnisstjóri samfélagsverkefnisins.

#### Dagskrá

1. Móttaka og kynning verkefnastjóra.
2. Helstu verkefni framundan – hugarflug
  - Sortera úr íbúáþinginu
  - Vinna áætlun um fimmtudagskvöld í Fljótsdal
  - Helstu fundir og ráðstefnur framundan
  - Fjárhagsáætlun
  - Skemmubyggingin
  - Fundur verkefnastjóra brotthættabyggða á Ísafirði
  - Önnur verkefni
3. Styrktarsjóður
4. Önnur mál

1. Ásdís kemur til starfa 24. október ef allt gengur upp hjá henni varðandi núverandi vinnu og önnur verkefni. Hún stefnir á að koma á fimmtudag í Fljótsdal 24. október en þá verður pub quiz og mun hún kynna sig fyrir þeim sem mæta.
2. Farið var um víðan völl en eftirfarandi var bókað. Ásdís reiknaði með að byrja að vinna úr skýrslunni þegar hún kemur til starfa og verður í sambandi við Sigurborgu ef með þarf. Ekki er óhugsandi að kaupa þurfi einhverja þjónustu af Sigurborgu. Haldin verður Byggðaráðstefna í Reykjavík í nóvember og hugsanlega mun Ásdís fara á hana. Hún mun fara á fund verkefnisstjóra brotthættra byggða sem haldinn verður á Ísafirði. Varðandi fjárhagsáætlun fyrir samfélagsverkefnið þá verður hún í sambandi við Jónu Árnýju. Tryggja þarf að Ásdís hafi aðstöðu og tölvubúnað til að vinna í Végarði. Erindi barst nefndinni frá sveitarstjórn. Þar var óskað eftir að samfélagsnefndin héldi íbúafund vegna áforma um að sveitarfélagið standi að byggingu skemmu undir tæki Búnaðarfélagsins og litlu sláturhúsi. Samþykkt að samfélagsnefndin skipuleggi fundinn.
3. Rætt um stofnun styrktarsjóðs Fljótsdalshrepps, og telur samfélagsnefndin mikilvægt að hann lifi af sameininguna. Hlutverk hans yrði að styrkja verkefni í Fljótsdal en einnig verkefni sem kæmu öllu austurlandi til góða. Í framhaldinu barst umræðan að útfærslu á sjóðnum og stofnframlagi í hann.
4. Rætt um hvort sveitarfélagið ætti að fara í markvissa vinnu um framtíðarsýn sem undirbýr sveitarfélagið undir sameiningu sem hugsanlega er á næsta leiti.

Næsti fundur verður 7. nóvember.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu